



PRÓF Í KENNSLUSTUNDUM TIL ATHUGUNAR FYRIR STARFSMENN

Kennari þarf að hafa prófstofuna tilbúna við upphaf kennslustundar.

Nemendur eiga ekki að koma í yfirhöfnum eða skóm inn í prófstofu. Ekkert nesti er leyft í prófum nema annað sé tekið fram.

Nemendur hafi ekkert á borðum sínum annað en prófgögn og skriffæri. Óheimilt er að hafa snjalltæki með sér í prófstofuna. Við brot á þessari reglu er gefin einkunnin D fyrir prófið.

Nemanda sem staðinn er að svindli skal vísað umsvifalaust úr prófi og til skólastjóra eða deildarstjóra. Nemandinn fær einkunnina D fyrir prófið og forráðamenn eru upplýstir.

Allir nemendur skulu hafa tíma sem er þriðjungu lengri en metinn er nauðsynlegur til að leysa prófið.

Nemendur sitja í prófstofunni þar til kennslustund er lokið. Kennari felur nemendum verkefni sem hæfa ef þeir ljúka prófi fyrir lok kennslustundarinnar.

Kennari gætir þess að hafa góða yfirsýn um prófstofuna og fylgir því eftir að nemendur fari eftir prófareglum.